



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### ***Efni: Varðandi tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins Mörtu Guðjónsdóttur um niðurstöður PISA***

Á fundi skóla- og frístundaráðs 10. desember 2019 lagði skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins Marta Guðjónsdóttir fram svohljóðandi tillögu:

*Lagt er til að niðurstöður reykvískra grunnskóla í PISA-könnuninni verði gerðar opinberar. Sundurgreindar upplýsingar um árangur hvers skóla í einstökum greinum; lesskilningi, náttúruvísindum og stærðfræði verði sendar viðkomandi skólastjórnendum, skólaráði og stjórn foreldrafélags í því skyni að hvetja til upplýstra umræðna um kennsluhætti og námsárangur.*

Menntamálastofnun sér um framkvæmd PISA rannsóknarinnar á Íslandi fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Á vef stofnunarinnar er að finna „[Spurt og svarað um PISA](#)“. Þar eru m.a. eftirfarandi spurningar og svör.

#### ***Hvað er PISA?***

PISA (Programme for International Student Assessment) er alþjóðleg könnun á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) sem mælir lesskilning 15 ára nemenda og læsi þeirra á stærðfræði og náttúruvísindi. PISA er lögð fyrir á þriggja ára fresti og tilgangur PISA er að mæla hvort nemendur sem eru við það að ljúka skólaskyldu námi hafi öðlast þá þekkingu og færni sem gerir þeim kleift að taka fullan þátt í samfélaginu. PISA leggur sérstaka áherslu á að meta hvort nemendur geti yfirfært það sem þeir læra í skóla yfir á ný verkefni og nýjar aðstæður. Niðurstöður úr PISA veita þátttökulöndum áreiðanlegar upplýsingar um þekkingu og færni nemenda á lykilsviðum náms, ásamt viðhorfum þeirra og venjum tengdum námi, með reglulegu millibili. Þátttökulönd geta þannig bæði fylgst með þróun á stöðu eigin nemenda og séð hvernig þeir standa í alþjóðlegum samanburði.

#### ***Hvernig stuðlar PISA að endurbótum innan menntakerfa?***

OECD leitast við að bera kennsl á stefnur og starfshætti sem virðast virka í löndum sem sýna góða frammistöðu eða hafa sýnt merki um miklar framfarir í PISA-könnunum gegnum árin. Stofnunin gefur út skýrslu um athuganir sínar og styður við bakið á þeim löndum sem vilja nýta

sér reynslu annarra ríkja. Efnahags- og framfarastofnunin er mjög meðvituð um að aðstæður eru mjög mismunandi í þáttökulöndum (um 80 lönd tóku þátt í PISA árið 2018). Sama kennslulíkaníð hentar ekki alls staðar. Það er hvorki mögulegt né við hæfi að taka menntakerfi eins lands og innleiða það óbreytt í öðru landi.

***Metur PISA frammistöðu í einstökum skólum? Er hægt að skoða hvernig skólar standa sig í PISA?***

Megintilgangur PISA er að gefa heildarmynd af þekkingu og færni nemenda í þáttökulöndum við lok skólaskyldu þeirra. Skipulag og tölfræðilegur grunnur könnunarinnar miðar fyrst og fremst að því að veita slíka heildarmynd, sem kemur beint niður á nákvæmni og áreiðanleika í mati á einstökum nemendum. Þetta hefur það í för með sér að PISA er ekki til þess fallin að veita áreiðanlegar upplýsingar um frammistöðu fámennra nemendahópa eins og þeirra sem tilheyra einstökum skólum.

Í stuttu máli er ástæðan sú að PISA dreifir stóru mengi verkefna á heildarúrtak nemenda í hverju landi til að ná sem best utan um sem flesta ólíka fleti á hæfni þeirra. Þannig getur verið misjafnt hvaða prófverkefni, og af hvaða sviðum, einstakir nemendur taka í PISA, jafnvel innan sama skóla. Niðurstöður fyrir einstaka skóla geta þannig gefið ónákvæma eða jafnvel skakka mynd af raunverulegri hæfni og getu nemenda þeirra.